

## Lög foreldrafélagsins

1. grein Félagið heitir Foreldrafélag Grunnskóla Fjallabyggðar. Félagar teljast allir forráðamenn nemenda skólans.
2. grein Markmið félagsins er að:
- vera samstarfsvettvangur foreldra sem eiga börn í skólanum.
  - efla og tryggja gott samstarf foreldra og starfsfólks skólans.
  - styðja heimili og skóla við að skapa nemendum góð uppeldis- og menntunarskilyrði.
  - koma á framfæri sjónarmiðum foreldra varðandi skóla- og uppeldismál.
  - standa vörð um réttindi barna til mennta og aukins þroska.
3. grein Tilgangi sínum hyggst félagið ná m.a. með því að:
- skipuleggja og halda utan um starf bekkjarfulltrúa í hverjum bekk
  - koma á umræðu- og fræðslufundum um uppeldis- og skólamál.
  - kjósa fulltrúa í skólaráð samkvæmt reglum félagsins
  - standa að upplýsingamiðlun til foreldra með því að birta fundargerðir á vef skólans og annað er viðvíkur starfsemi félagsins
  - veita skólayfirvöldum lið svo að aðstæður til náms og félagslegra starfa verði sem bestar
  - styðja og efla hverja þá starfsemi, sem stuðlar að auknum þroska og menningu skólans
  - taka þátt í samstarfi við önnur foreldrafélög, svæðisráð og landssamtök foreldra
4. grein Stjórn félagsins skipa sjö foreldrar/forráðamenn, æskilegt er að þar af sé einn sem einnig er fulltrúi foreldra í skólaráði. Stjórn skal kjörin til tveggja ára í senn þrjú stjórnarmenn annað árið og fjórir hitt árið. Formaður skal kosinn sérstaklega að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Auk formanns skal stjórnin skipuð varaformanni, ritara, gjaldkera og þremur meðstjórnendum. Aldrei skulu fleiri en fjórir ganga úr stjórn í einu.
5. grein Bekkjarfulltrúar starfa á vegum foreldrafélagsins sem setur þeim starfsreglur. Bekkjarfulltrúar mynda fulltrúaráð foreldrafélagsins. Hlutverk bekkjarfulltrúa er að efla og styrkja samstarf foreldra og barna og leitast við að treysta samband heimilis og skóla innan hversrar bekkjardeildar með nánú samstarfi við umsjónarkennara. Stjórn foreldrafélagsins ber ábyrgð á að í upphafi skólaárs séu kosnir tveir til þrjú fulltrúar forráðamanna úr hverri bekkjardeild til tveggja ára í senn. Í fyrsta bekk eru tveir eða einn kosnir til tveggja ára og einn til eins árs til að stuðla að því að allir hætti ekki á sama tíma.
6. grein Aðalfundur skal haldinn í maí ár hvert. Stjórnin boðar til fundarins í samstarfi við fulltrúa foreldra í skólaráðinu með minnst viku fyrirvara. Aðalfundur er löglegur ef löglega er til hans boðað. Í fundarboði skal kynna efni fundarins.

### Verkefni aðalfundar:

- Kosning fundarstjóra og fundarritara
- Skýrsla stjórnar
- Skýrslur nefnda
- Lagabreytingar
- Reikningar lagðir fram til samþykktar
- Kosning formanns foreldrafélags og annarra stjórnarmanna
- Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga
- Skýrsla fulltrúa foreldra í skólaráði
- Kosning fulltrúa í skólaráð samkvæmt starfsreglum félagsins
- Önnur mál

7. grein Stjórn foreldrafélagsins getur skipað nefndir um afmörkuð verkefni. Stjórnin ber ábyrgð á störfum nefnda og setur þeim erindisbréf.
8. grein Fulltrúaráðið skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á skólaárinu og oftari ef þurfa þykir. Fyrsti fundur skal haldinn í upphafi skólaárs. Stjórn félagsins undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í bekkjardeildum og verkefni skólaráðs. Fulltrúaráð skal aðstoða stjórn félagsins í stærri verkefnum.
9. grein Stjórn foreldrafélagsins skal ekki sinna klögumálum eða hafa afskipti af vandamálum er upp kunna að koma á milli einstakra foreldra og starfsmanna skólans.
10. grein Stjórn foreldrafélagsins er heimilt að óska eftir því að foreldrar greiði framlag til félagsins. Þetta framlag er innheimt árlega og er ákveðið á aðalfundi.
11. grein Ákvörðun um slit félagsins verður tekin með einföldum meirihluta á aðalfundi og renna þá eignir þess til skólans.
12. grein Lögum þessum má breyta með einföldum meirihluta á aðalfundi, enda sé lagabreytinga getið í fundarboði.

10/10 2011

Gunnar S. Lohr formannur

BERGUND YR BIRKISDÓTTIR  
 VILBORG RUL VITARADÓTTIR  
 Hrönn Gylfadóttir  
 Kristján Hausson  
 Auður Eggertsdóttir